



## Beinar mótvægisaðgerðir ríkissjóðs skýra rúman þriðjung hallareksturs síðasta árs

Ætla má að umfang beinna mótvægisaðgerða ríkissjóðs vegna Covid-19 á árinu 2020 hafi verið um 103 ma.kr., eða um 4% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Nú lítur út fyrir að halli ársins 2020 verði um 270 ma.kr. Rúmur þriðjungur halla ríkissjóðs á síðasta ári kemur því til vegna beinna mótvægisaðgerða.

Fjárlög ársins 2021 voru samþykkt með 326 ma.kr. halla um miðjan desember. Samanlagður halli ríkissjóðs á árunum 2020 og 2021 verður því um 600 ma.kr.


Fyrir utan beinar mótvægisaðgerðir hefur ýmislegt verið gert sem hefur óbein áhrif á ríkissjóð en er ætlað að styðja efnahagslífið. Þar má nefna ríkistryggð lán, greiðslufresti á skattgreiðslum og greiðsluskjól. Þá má heldur ekki gleyma því að heimildir til úttekta séreignarlífeyrissparnaðar hafa aukið skatttekjur ríkissjóðs töluvert nú á kostnað framtíðarskatttekna.

Þá er einnig ljóst að innbyggðir sveiflujafnarar ríkisfjármála eru sterkir hér á landi þar sem tekju- og útgjaldastofnar ríkissjóðs, aðallega skattkerfið og atvinnuleysistryggingar, fylgja hagsveiflunni bæði hratt og vel eftir.

### Staða Íslands samanborið við Norðurlöndin


Í nýlegri skýrslu<sup>1</sup> starfshóps um aðgerðir ríkissjóðs vegna faraldursins er því haldið fram að beinar aðgerðir opinberra fjármála virðist verða meiri hér en á öðrum Norðurlöndum fyrir árin 2020 og 2021 og er það sýnt í grafi í skýrslunni. Sú staðhæfing byggir á tölum frá AGS sem birtust í október og tölum fyrir Ísland frá desembermánuði sem segja að umfang aðgerða hér sé 7% af VLF. Ekki verður annað séð en að talan fyrir Ísland sé heildarumfang aðgerða árána 2020 og 2021 samanlagt þar sem í samanburðarhæfum upplýsingum frá AGS er talið að umfang aðgerða á Íslandi sé 4,2% af VLF. Það er í

Afkoma ríkissjóðs 2018-2021



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hagfræðideild

Beinar aðgerðir í ríkisfjármálum v. Covid-19



Heimild: Stjórnarráð Íslands - Gögn frá AGS í október 2020 og fjármála- og efnahagsráðuneytinu fyrir Ísland í desember 2020.

<sup>1</sup> <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/%c3%96nnur%20sk%3%bdrsla%20um%20n%c3%bdtingu%20%c3%barr%c3%a6%c3%boa %c3%a1%20vef.pdf>



lægri enda meðal Evrópuþjóða og lægsta hlutfallið innan Norðurlandanna, fyrir utan Finnland.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn heldur vel utan um umfang aðgerða sem aðildarríkin standa að í sambandi við heimsfaraldurinn. Hjá AGS<sup>2</sup> er lögð áhersla á að sýna beinar aðgerðir stjórnvalda vegna ástandsins til viðbótar við þá sveiflujafnara sem eru innbyggðir í kerfi einstakra landa. Umfang beinna aðgerða er eðli málsins samkvæmt meira í þeim löndum þar sem sjálfvirk viðbrögð opinberra fjármála, eða sjálfvirkir innbyggðir sveiflujafnarar, leika minna hlutverk en t.d. hér á landi.

### Aðgerðir vegna atvinnuástands


Aðgerðir vegna atvinnuleysis hafa skapað veigamestu útgjöldin vegna faraldursins hér á landi. Þeim má í meginráttum skipta í þrennt: Í fyrsta lagi beinar aðgerðir til að viðhalda störfum, ráðningarsambandi og viðnámsprótti starfandi fyrirtækja. Í öðru lagi bein útgjöld vegna þeirra sem eru atvinnulausir að hluta eða að fullu og í þriðja lagi atvinnuskapandi aðgerðir stjórnvalda, m.a. tengt fjárfestingarátaki ríkissjóðs og aðgerðum tengdum nýsköpun.

Hæstu einstöku fjárhæðirnar sem greiddar hafa verið vegna áhrifa faraldursins hafa verið vegna aukins atvinnuleysis, fyrst og fremst vegna venjulegra atvinnuleysisbóta og hlutabóta.


### Stuðningur við sveitarfélög og byggðalög

Faraldurinn hefur almennt bitnað illa á fjárhag sveitarfélaga, en staða þeirra sem eru mikið háð ferðapjónustu er einna verst. Sum sveitarfélög hafa getað brugðist við áhrifum faraldursins og tímabundnum þrengingum á meðan önnur hafa átt í meiri erfiðleikum. Tillögur voru lagðar fram um aukinn stuðning ríkissjóðs við sveitarfélögin eftir að starfshópur um fjárhagsstöðu sveitarfélaganna skilaði skýrslu í ágúst sl. Þær aðgerðir sem lagt hefur verið í voru fyrst og fremst hugsaðar til þess að sveitarfélögin gætu náð fjárhagslegri viðspyrnu og tryggt lögbundna grunnþjónustu sína.


Bein útgjöld ríkissjóðs vegna atvinnuástands 2020



Bein fjárstuðningur ríkissjóðs við sveitarfélögin 2020



Aðgerðir vegna hópa í viðkvæmri stöðu 2020



<sup>2</sup> <https://www.imf.org/en/Topics/imf-and-covid19/Policy-Responses-to-COVID-19>




### **Aðgerðir vegna einstaklinga í viðkvæmri stöðu**

Þriðji hluti mótvægisáðgerða ríkissjóðs snýr að einstaklingum í viðkvæmri stöðu. Þær aðgerðir eru í megindráttum tvískiptar: Í fyrsta lagi er um að ræða bein fjárframlög til að styðja við afkomu fólks, t.d. greiðslur til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega. Í öðru lagi er um að ræða beinar fjárveitingar til félagslegra verkefna og málaflokka til þess að auðvelda baráttuna við afleiðingar faraldursins og tryggja þannig þjónustu og stuðning til viðkvæmra hópa.

### **Aðgerðir vegna atvinnuástands langviðamestar**

Helsta ásynnd þeirrar kreppu sem Covid-19-faraldurinn hefur leitt af sér er mikið atvinnuleysi. Það kemur því ekki á óvart að aðgerðir vegna atvinnuástandsins eru langstærstur hluti mótvægisáðgerða ríkissjóðs. Af 103 mö.kr. mótvægisáðgerða á árinu 2020 er áætlað að um 88 ma.kr. hafi farið til atvinnumála, eða u.þ.b. 85% útgjaldanna.

**Beinar mótvægisáðgerðir ríkissjóðs 2020**



Heimild: Stjórnarráð Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.